

setja ákvæði um vexti af lánum og önnur lánakiör að svo miklu leyti sem um þau er eigi mælt í lögum þessum og enn fremur um það, hversu umsóknir um lán skuli vera úr garði gerðar og hver gögn fylgi þeim og fyrir hvaða tíma umsóknir skuli berast ár hvert.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá úr gildi lög um Kirkjubyggingasjóð nr. 43/1954 ásamt breytingum, sbr. lög nr. 47/1955 og 26/1962.

Skipunartímabili núverandi stjórnar kirkjubyggingasjóðs lýkur, er kirkjubing hefir kosið stjórnarmenn samkvæmt 3. gr. 1. málsg. og tilkynnt kirkjumálaráðherra um kosninguna.

Kirkjumálaráðherra skipar aðalmann og varamann í nefnd þá, er greinir í 4. gr., þegar eftir að lög þessi öðlast gildi.

Gjört í Reykjavík 18. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Friðjón Þórðarson.

L Ö G

um breyting á og viðauka við lög nr. 46 25. apríl 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. lög nr. 23/1977, lög nr. 58/1977 og lög nr. 61/1977.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. tl. 2. mgr. 1. gr. laganna (sbr. 1. gr. laga nr. 61/1977) orðist svo:

1. ráðherra, hæstaréttardómara, ríkissaksóknara, biskups Íslands né ráðuneytisstjóra.

2. gr.

3. mgr. 4. gr. laganna (sbr. 2. gr. laga nr. 61/1977) orðist svo:

Launakjör ráðherra, hæstaréttardómara, ríkissaksóknara, biskups Íslands og ráðuneytisstjóra skulu ákveðin af kjaradómi.

3. gr.

Við löginn bætist nýr kafli, IX. kafli, svohljóðandi:

IX. KAFLI

33. gr.

Þeir félagar BHM í þjónustu ríkisins, sem ekki njóta ákvæða 14. gr. laga nr. 38/1954, skulu njóta atvinnuleysisbóta sambærilegra við annað launafólk, í samræmi við gildandi lög og framkvæmd þeirra á hverjum tíma, sbr. einkum IV. og V. kafla laga um atvinnuleysistryggingar. Bótaréttur skal m. a. háður því skilyrði, að at-

vinnulaus starfsmaður hafi sannanlega ekki neitað annarri vinnu, sem boðist hefur, sbr. 16. gr. laga um atvinnuleysistryggingar og túlkun hennar á liðnum árum.

34. gr.

Sérstök nefnd ákveður atvinnuleysisbætur og úrskurðar annan ágreining, sem upp kann að koma. Nefndin skal skipuð einum fulltrúa frá BHM, einum frá fjármála-ráðuneyti, og einn skal skipaður af Hæstarétti.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 18. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnar Arnalds.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 34 18. febr. 1953,
um verðjöfnun á olíu og bensíni.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Söluverð á gasolíu, svartolíu, ljósaolíu, bifreiðabensíni, flugvélabensíni og flugsteinolíu skal vera hið sama, hvar sem er á landinu.

2. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Ákvæði laga þessara gilda ekki um flugsteinolíu og flugvélabensín, sem ætlað er til notkunar í utanlandsflugi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 18. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Tómas Arnason.